

Skólaráðsfundur 15. desember 2025

1. Farið yfir starfsáætlun og skólanámskrá skólans. Litlar breytingar frá fyrri áætlunum en unnið að því að uppfæra skjölin m.t.t. nýrrar aðalnámskrár. Sú vinna er í gangi og eru því skjölin sem þið fenguð send ekki alveg full kláruð
Ásta fer yfir starfsáætlun og skólanámskrá skólans, ýmislegt sem hefur tafið okkur í þessari vinnu m.a innleiðing nýrrar aðalnámskrár.
2. Skóladagatal og starf vetrarins til umræðu.
 - a. Skólaping var fyrir 7.-10. bekk sem tókst vel. Gæðaráð byrjað að vinna að umbótaáætlun sem við getum kynnt á næsta fundi sem og niðurstöður úr Skólapúlseinum.
 - b. Annarlok og viðtalsdagur. Héldum því formi sem verið hefur undanfarin ár að hafa ekki viðtalsdag, heldur senda póst til að foreldra um námslega og félagslega stöðu hvers og eins.
Væri betra að hafa samtöl frekar en að senda póst? Það er spurning hvort það sé betra að hafa samtal fyrir yngstu krakkana. Mögulega pantar fólk ekki ef það hefur val, en myndi mæta ef það væri línar.
 - c. Tókum ákvörðun nú í haust að hafa tvær árhátíðir, yngri og eldri. Yngri verða 9.-12. febrúar og verður Lína Langsokkur sett upp. Eldri verða 23.-26. mars og verður Ronja ræningjadóttir sett upp hjá þeim. Með þessari breytingu reiknum við með að ná að minnka álag á nemendur þar sem ein sýning verður hjá hvoru stigi, seinnipart fimmtudags.
 - i. Hvað finnst aðilum skólaráðs um þessa breytingu?
Skólaráði lýst vel á þessa breytingu og telja að þetta fyrirkomulag munu minnka álag. Umræða um tvöfalda daga, rætt um að það fyrirkomulagið sé gott og það sé mikilvægt fyrir foreldra að hittast, spjalla og kynnast aðeins öðrum foreldrum.
3. Litlar breytingar hafa verið gerðar á fjárhagsáætlun, hækkun á flestum kostnaðarliðum upp á 3,2%, laun hækka um 4,2% og gjaldskrár hækka um 3,9%.
4. Framkvæmdir ræddar og farið yfir það sem gert hefur verið og á eftir að fara í.
 - a. Elsti hluti skólans, A-hús, klætt að utan og skipt um glugga. Það átti að vera búið að skila verkinu 15. október en því miður þá tókst það ekki og ekkert verið gert í langan tíma. Klára þetta vonandi áður en skóli byrjar á nýju ári. Gert er ráð fyrir að B-hús verði tekið í gegn á árinu 2026 og þar er meiningin að klæða húsið eins og hús A og skipta um gluggana og síðan er gert ráð fyrir að klára að klæða gamla húsið að vestanverðu og skipta þar um glugga árið 2027.
 - b. Er verið að skoða málningarvinnu innan húss, ég hef ekki fengið upplýsingar um hvenær farið verður af stað í þá vinnu.
 - c. Tveir stubbar ætla að mála nokkuð stóran hluta að skólanum í vetur. Til stendur að yfirfara hitakerfið og gera það einfaldara og verður það gert 2026.
 - d. **Skólalóðin verður að komast í lag og búið er að biðja um að lóðin verði endurhönnuð. Skipulag fyrir leikvelli og skólalóðir- Anna Katrín hannaði.**
5. Ný störf hafa verið auglýst í nokkurn tíma. Okkur hefur vantað eitt stöðugildi kennara í allt haust og því miður þá hefur ekki gengið að ráða í þá stöðu. Sjúkralíði sem starfar við skólann mun hætta störfum þegar líður á janúar og það hefur heldur ekki gengið að ráða í þá stöðu.

6. Önnur mál:

Rætt um blakvöllinn og hvernig á að standa að því að klára þetta. Guðlaug bendir á að ef það vantar eitthvað smáræði upp á að við getum sótt um styrk til foreldrafélagsins.

- a. Sundkennsla fór af stað nú í nóvember og við gerum ráð fyrir að kenna alla mánuði fram á vorið. Höfum þurft að fella niður kennslu vegna kulda í lauginni og veikinda en vonandi náum við ca 15-20 tímum á mann fram á vorið.
- b. Gæðaráð og vinnan með Ásgarði. Fara yfir lýsingu sem við fengum frá Ásgarði.

Er einhver tími til að funda betri en annar? Kl. 15 væri ákjósanlegast.

Fundi slitið kl. 15:31

Fundargerð ritar Svava Gerður Magnúsdóttir.